

# Áslaug Sverrisdóttir

## Félag um átjándu aldar fræði Úr starfi félagsins 1994-2004<sup>1</sup>

Félag um átjándu aldar fræði var stofnað í Reykjavík þann 9. apríl árið 1994. Vitað var um félög með svipuðu sniði sem störfuðu erlendis. Á Norðurlöndum hafði fyrsta félag af þessu tagi verið stofnað í Svíþjóð árið 1987 og nefnist það Sällskapet för 1700-talsstudier. Geta má þess að Íslendingar urðu aðrir í röðinni í hópi Norðurlandþjóða til að stofna félag um átjándu aldar fræði. Helsti hvatamaður að stofnun slíks félags hérlendis var Ingi Sigurðsson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og var hann fyrsti formaður félagsins, frá 1994 til 1999. Við formennsku tók þá Svavar Sigmundsson, forstöðumaður Örnefnastofnunar Íslands og gegndi því hlutverki til ársins 2003 en þá tók Ragnhildur Bragadóttir, sagnfræðingur við formennsku. Félag um átjándu aldar fræði er þvervísindalegt fræðafélag og öllum opið. Stofnfélagar voru á fimmta tug talsins en félaginu hefur smám saman vaxið fiskur um hrygg og skráðir félagar í lok tíunda starfsárs voru 170 og bakgrunnur þeirra margvíslegur.

Rúmlega ári eftir stofnun, eða í júlí árið 1995, var Félagi um átjándu aldar fræði veitt aðild að heimssamtökum slíkra félaga sem nefnast á ensku, *International Society for Eighteenth-Century Studies*, á frönsku nefnt *Société internationale d'étude du XVIIIe siècle*. Upphaf heimssamtakanna má rekja til ársins 1963 en þá var haldin í Sviss fyrsta alþjóðlega ráðstefnan um átjándu aldar fræði og heimssamtökin stofnuð. Að stofnuninni stóðu bæði bandarískir og evrópskir fræðimenn. Frá árinu 1963 til ársins 2003 hefur verið efnt til ellefu alþjóðlegra ráðstefna um átjándu aldar fræði. Þær hafa verið haldnar á fjögurra ára fresti og viðfangsefni verið afar fjölbreytt. Aðildarfélög heimssamtakanna hafa það sameiginlega markmið að efla vöxt og viðgang rannsókna og fræða um sögu 18. aldar á sem flestum fræðasviðum. Jafnframt að stuðla að samstarfi og upplýsingaflæði milli félaganna. Heimssamtökin hafa að formi til skrifstofu við *The Voltaire Foundation* við háskólann í Oxford. Aðildarfélög heimssamtakanna voru, í lok tíunda starfsárs Félags um átjándu aldar fræði, um 30 talsins og heildarfjöldi félaga um níu þúsund. Líkt og önnur aðildarfélög á Félag um átjándu aldar fræði fulltrúa í stjórn samtakanna, Ingi Sigurðsson á þar sæti þegar þetta er skrifað en Svavar Sigmundsson hefur einnig verið fulltrúi

---

<sup>1</sup> Greinin er að stofni til erindi sem flutt var á málþingi 17. apríl 2004 í tilefni af tíu ára afmæli félagsins.

félagsins í stjórn heimssamtakanna. Félagar í Félagi átjándu aldar fræða hafa sótt tvær alþjóðlegar ráðstefnur heimssamtakanna, í Dyflinni árið 1999 og í Los Angeles árið 2003. Íslendingur skipulagði málstofu á ráðstefnunni í Dyflinni og einnig á ráðstefnunni í Los Angeles. Tveir Íslendingar fluttu erindi á ráðstefnunni í Dyflinni og þrír á ráðstefnunni í Los Angeles. Afráðið er að halda tólftu alþjóðlegu ráðstefnuna um upplýsinguna í júlí árið 2007 í Montpellier í Frakklandi. Á heimasíðu heimssamtakanna má nálgast frekari upplýsingar um sögu þeirra og starfsemi. Þegar þetta er skrifað er slóðin: [www.c18.org](http://www.c18.org).

Í lögum Félags um átjándu aldar fræði segir um markmið að þau séu að efla og kynna rannsóknir á sviði átjándu aldar fræða og skyldra efna, bæði hér á landi og erlendis, meðal annars með því að halda fræðafundi. Á fyrstu starfsárunum tíu hefur félagið, í samræmi við ofangreind markmið, staðið fyrir fjölda fræðafunda, einkum málþinga. Jafnframt hefur verið ráðist í verkefni af öðru tagi meðal annars til kynningar á starfi félagsins. Verður nú gerð nánar grein fyrir viðfangsefnum félagsins og atriðum úr sögu þess.

Á árunum 1994–2004 hefur Félag um átjándu aldar fræði stofnað til eða átt aðild að 38 fræðafundum og eru þá ekki talin með erindi flutt á stofnfundi og fjórum fyrstu aðalfundum; auk þess hefur félagið staðið fyrir fræðsluferðum. Fyrsta fyrirlesturinn á vegum félagsins flutti Matthías Viðar Sæmundsson á stofnfundi vorið 1994 og nefndi hann fyrirlestur sinn „Menning 18. aldar“ og fjallaði þar meðal annars um togstreitu og samblöndun ólíkra lífsskoðana og þekkingarforma á 18. öld. Á næstu fjórum aðalfundum voru fluttir fyrirlestrar um ýmis efni, einn fyrirlestur á hverjum fundi. Frá upphafi hefur félagið efnt til málþinga, að minnsta kosti tvisvar á ári hverju. Málþingin hafa verið haldin á laugardögum, oftast milli 13:30 og 16:30, á upphafsskeiði í stofu 101 í Odda en síðar í fyrirlestrasalnum á 2. hæð í Þjóðarbókhöllu. Í flestum tilvikum hafa verið flutt fjögur erindi á hverju málþingi, flutningstími hvers þeirra um 20 mínútur. Talsverð reglufesta hefur þannig einkennt ytri umgjörð málþinga. Viðfangsefni málþinga og annarra fræðafunda félagsins hafa hins vegar verið margvísleg og efni fyrirlestra fjölbreytt. Eins og vænta má hefur þar verið fjallað um svonefnda langa 18. öld, þannig að seinustu áratugir 17. aldarinnar og fyrstu áratugir þeirrar 19. hafa átt samleið með sögu þeirrar 18. Ef athugaðar eru yfirskriftir eða heiti á fræðafundunum má fá vísbendingu um efnisval og áherslur. Þrjá efnisflokka má afmarka tiltölulega skýrt, þó á ólíkum forsendum sé. Einn þeirra má nefna „merkismenn“, í annan má fella efni um bókmenntir en í þann þriðja efni um konur. Efni þessara þriggja flokka skarast talsvert. Svo er reyndar raunin að efni fræðafunda skarast í fleiri tilfellum.

Eins og að líkum lætur er efnisflokkurinn um merkismenn stærstur, talsvert hefur verið sagt frá fyrirferðamiklum körlum 18. aldarinnar. Alls sjö málþing hafa verið helguð tilteknum merkismönnum og fjölbreyttum viðfangsefnum þeirra. Fjallað var um Björn Halldórsson prest í Sauðlauksdal, Hannes biskup Finnsson, Pál Vídalín lögmann, Magnús Stephensen dómstjóra, Magnús Ketilsson sýslumann og Stefán Þórarinnson amtmann, Árna Magnússon handritasafnara, og skoska ljóðskáldið Robert Burns var viðfangsefnið á kvöldsamkomu. Á átta málþingum hefur verið fjallað um bókmenntir, meðal annars frásagnarbókmenntir og ljóðlist. Þrjú málþing hafa verið helguð konum og hefur efni fyrirlestra þar verið fjölbreytt. Sagt var frá sjósókn kvenna á 18. öld, frá tónlistarþátttöku þeirra og frá ljósmæðrum. Þó ekki hafi heil málþing verið helguð tilteknum konum hefur verið fjallað í fyrirlestrum um nokkrar þeirra sérstaklega og viðfangsefni þeim tengd. Nefna má Guðrúnu Skúladóttur, Magnússonar fógeta og Ingibjörgu Jónsdóttur sem var systir Gríms amtmanns og móðir Gríms Thomsen skálds. Sagt var frá Ragnheiði Jónsdóttur biskupsfrú á Hólum og hannyrðum hennar. Einnig var fjallað um tvær biskupsfrúr í Skálholti, þær Sigríði Jónsdóttur og Valgerði Jónsdóttur. Í þennan efnisflokk um konur má ef til vill fella fyrirlestur um barnabókina *Sumargjöf* sem fluttur var á málþingi sem nefndist „Konur og börn á átjándu öld“, en bókina þýddi og staðfærði séra Guðmundur Jónsson. *Sumargjöf* var fyrsta þýdda íslenska barnabókin og kom hún út árið 1795.

Í fjórða efnisflokk falla málþing um ýmis önnur svið vísinda og fræða og er þar um fjölbreytt efni að ræða. Þar hefur meðal annars verið fjallað um náttúruvísindi, ættfræði, stöðu rannsókna á sviði 18. aldar fræða, efni af vettvangi heimspeki og vettvangi vísindasögunnar og almennt um vísindi á 18. öld. Einnig um málstefnu Íslendinga 1700–1850; eitt þing var um ættfræði og annað um íslenskt bændasamfélag á 18. öld og loks má geta fyrsta málþings á árinu 2004, sem nefndist „Líf og list á 18. öld“ en annað málþing á afmælisárinu var afmælistmálþing félagsins haldið þann 17. apríl.

Meðal annars konar fræðafunda sem Félag um átjándu aldar fræði hefur staðið fyrir eða átt aðild að til ársins 2004 er ráðstefna um Þórð Þorláksson biskup sem haldin var árið 1997 en Skálholtsskóli gegndi ákveðnu forystuhlutverki við að koma þeirri ráðstefnu á laggirnar. Ráðstefna um heilbrigðismál var haldin árið 2000 í samstarfi við Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar. Í júní árið 2002 efndi félagið síðan til norrænnar ráðstefnu í Reykjavík og nefndist hún á íslensku „Norðurlönd og Evrópa 1700-1830. Gagnkvæm menningaráhrif“. Ráðstefnan var haldin í Odda í Háskóla Íslands og voru fyrirlestrar þrettán talsins. Átta þeirra voru fluttir af íslenskum fræðimönnum en fimm af fræðimönnum frá öðrum Norðurlöndum. Ellefu af þessum fyrirlestrum voru, árið 2003, gefnir út í

riti sem nefnist *Norden och Europa 1700-1830. Synvinklar på ömsesidigt kulturellt inflytande*, undir ritsjórn Svavars Sigmundssonar. Útgáfan var samvinnuverkefni Félags um átjándu aldar fræði og Háskólaútgáfunnar. Það er fyrsta prentaða ritið sem félagið gefur út. Snemma á árinu 2003 átti svo Félag um átjándu aldar fræði, ásamt Jökklarannsóknafélagi Íslands, aðild að ráðstefnu um Svein Pálsson. Var ráðstefnan haldin í tilefni af útkomu á enskri útgáfu á Jöklariti Sveins, en heiti þess er hér nokkuð stytta: *Draft of a physical, geographical, and historical description of Icelandic ice mountains on the basis of a journey to the most prominent of them in 1792-1794*, Reykjavík 2004.

Fyrirlesarar á fræðafundum félagsins, á árunum 1994-2004, voru um eitt hundrað talsins og hafa sumir þeirra flutt erindi oftast en einu sinni. Ber að þakka þeim framlag þeirra til starfseminnar og jafnframt ber að þakka tryggum og sívaxandi hópi áheyranda áhuga og staðfestu. Í þeim efnum má Félag um átjándu aldar fræði vel við una, miðað við það sem gengur og gerist um aðsókn að fræðafundum, af ýmsu tagi, sem í boði eru.

Fræðafundirnir sem hér hefur verið greint frá hafa verið haldnir í Reykjavík, á stöðum sem tengjast Háskólanum á einn eða annan hátt en félagið hefur einnig staðið fyrir nokkrum fræðsluferðum, alls sex slíkum: Viðey var heimsótt árið 1997, farið var á slóðir Stephensen-ættarinnar í Borgarfjarðarsýslu í maí 1999 og í Flóann í maí 2000. Skálholt var heimsótt í júní 2001, Snæfellsnes í júní 2002 og farið var í Dali í júní 2003. Ágæt aðsókn hefur verið að þessum ferðum og prýðilegir leiðsögumenn hafa frætt ferðalangana.

Á síðastliðnum áratugum hefur framboð á fræðslufundum um ýmiss konar efni aukist gífurlega svo ekki sé talað um framboð á afþreyingu og skemmtiefni. Félagsskapur á borð við Félag um átjándu aldar fræði hefur verið í strangri keppni um athygli. Veraldarvefurinn er eitt af þeim tækjum sem tiltæk eru í samkeppni um athygli landsmanna. Sá háttur að félög, stofnanir og einstaklingar kynni sig á vefnum og hafi þar aðgengilegt efni sem varðar starfsemi telst nú sjálfsagður hlutur. Í takt við tímann hefur Félag um átjándu aldar fræði stofnað heimasíðu og var hún opnuð árið 2001. Þar má finna skrá yfir ráðstefnur, skrá um fyrirlesara og útdrátt úr flestum fyrirlestrum sem fluttir hafa verið á málþingum. Jafnframt má finna á heimasíðunni félagaskrá og annan fróðleik um félagið og starfsemi þess. Slóð heimasíðunnar er, þegar þetta er skrifað: [www.akademia.is/18.oldin](http://www.akademia.is/18.oldin).

Veraldarvefurinn kemur einnig á annan hátt við sögu Félags um átjándu aldar fræði því þar er birt tímarit félagsins. Ritið hóf göngu sína í apríl árið 1998 undir heitinu *Vefnir. Tímarit Félags um átjándu aldar fræði* og var fyrsta fræðilega rafræna tímaritið gefið út á Íslandi. Í þeim efnum var Félag um átjándu aldar fræði brautryðjandi eftir því sem ég best veit. Eins og gengur og gerist voru nokkrir byrjunarörðugleikar og útgáfan lá niðri á

tímabilinu 2000 til 2002. Í febrúar á árinu 2002 var lagður grunnur að endurreisn *Vefnis* með nýrri ritstjórn og hefur ritið fengið byr undir báða vængi á nýjan leik. Núverandi ritstjórar eru Guðrún Ingólfsdóttir og Ragnhildur Bragadóttir. Með *Vefni* hefur myndast tækifæri til að ná til fleiri en þeirra sem hafa tök á að sækja málþingin í Reykjavík. Þar eru birtar greinar eftir fræðimenn sem fást við átjándu aldar fræði, meðal annars endurskoðaðir fyrirlestrar sem fluttir hafa verið á samkomum félagsins. *Vefnir* er ritrýnt tímarit í þeirri merkingu að allar greinar sem berast eru lesnar yfir af sérfróðum á viðkomandi sviði, höfundum gefst þannig kostur á að bregðast við ábendingum áður en greinar þeirra eru birtar. Slóð *Vefnis* er, þegar þetta er skrifað: [www.bok.hi.is/vefnir](http://www.bok.hi.is/vefnir). Lýkur hér með frásögn af fyrstu tíu árum í starfi Félags um átjándu aldar fræði.

#### *Um heimildirnar:*

Við samningu þessa yfirlits var stuðst við gögn í eigu Félags um átjándu aldar fræði, þar á meðal lög félagsins, samþykkt 25. febrúar 1995, ársskýrslur og vefsíðuna: [www.akademia.is/18.oldin](http://www.akademia.is/18.oldin). Þeir sem kunnugastir eru sögu félagsins og lengst hafa setið í stjórn þess hafa jafnframt komið með góðar ábendingar. Upplýsingar um heimssamtök félaga um átjándu aldar fræði eru fengnar úr félagatali heimssamtakanna *International Directory of Eighteenth-Century Studies* 2000 (Oxford 1999) og úr vefsíðunni [www.c18.org](http://www.c18.org).

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.